

5. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld skulu vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 rúmm. að utanmáli kr. 300 000.00 og kr. 225.00 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 414 000.00 af sekl.

Heimæðagjald skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af fulltrúum stjórnarnefndar Laugar-áshéraðs og notenda í Laugarási er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar:

Einstakir miðar fyrir fullorðna	kr. 300.00
Einstakir miðar fyrir börn	— 130.00
Gufubað	— 500.00
Handklæði og sundfatnaður	— 250.00

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.